

**Efni: Umsögn ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, Þingskjal 834 - 592. mál.**

### 3.Menntun

ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofa Íslands fagnar því að í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sé áhersla lögð á mat á fyrra námi og reynslu innflytjenda. Í skýrslu sem skrifstofan vann árið 2019 fyrir þróunarsjóð innflytjendamála<sup>1</sup> var aðgengi að upplýsingum um mat á menntun innflytjenda kortlagt. Þar kom skýrt fram hversu erfitt er fyrir einstaklinga að vita hvert þeir eiga að snúa sér til að fá mat á námi sínu þar sem margar ólíkar stofnanir koma að mati á námi eftir tegund náms og eðlis umsóknarinnar, þ.e. ef sótt er um starfsréttindi. Við viljum ítreka nauðsyn þess að einfalda aðgengi að upplýsingum um þetta málefni og finna þessum upplýsingum miðlægan farveg þar sem allar upplýsingar um mat á fyrra námi liggja fyrir og hvert menn eiga að snúa sér. Einnig teljum við mikilvægt að umsóknir um mat á námi séu rafrænar og svör við þeim einnig. Engin marktæk tölfræði er til um fjölda umsókna um mat á fyrra námi né um niðurstöðu mats.

Í skýrslunni komu fram kvartanir um skort á leiðbeiningum frá stofnunum ef niðurstaða mats vegna umsóknar um starfsleyfi var neikvæð. Þá skorti verulega á leiðbeiningar um hvað upp á vantaði og hvert umsækjandi gæti snúið sér til að bæta úr því. Bæta þarf aðgengi að upplýsingum um hvaða störf krefjast starfsleyfis og hvert einstaklingar þurfa að snúa sér til að sækja um starfsleyfin og annað mat á fyrri menntun. Tryggja þarf að allir þeir sem þjónusta innflytjendur séu meðvitaðir hvert einstaklingar geti snúið sér til að fá fyrra nám sitt og reynslu metið. Eins og fram kom í skýrslunni um mat á námi innflytjenda, þá koma margar stofnanir að mati á fyrra námi og styrkja þyrfti tengslin á milli þessara stofnana.

ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofan styður það heilshugar að sett sé fram markmið um að þróa rafrænt hæfnimiðað stöðumat í íslensku sem öðru máli þar sem lengi hefur verið beðið eftir þeim möguleika að meta hæfni einstaklinga í íslensku, bæði fyrir áframhaldandi nám og til starfa. En hafa jafnframt þarf að gæta þess að veita fólki góðar upplýsingar um möguleika til að bæta sig í tungumálinu eftir að niðurstöður liggja fyrir og fjölga þeim möguleikum sem í boði eru til að læra íslensku.

Aðgengi að háskólanámi fyrir innflytjendur getur verið erfitt. Algengt er að einstaklingar frá löndum utan Evrópu, sem ekki hafa lokið háskólanámi, eigi í erfiðleikum með að hefja háskólanám hér á landi þar sem framhaldsskólapróf þeirra uppfylla ekki almenn inntökuskilyrði í háskóla hér. Það er mismunandi á hvaða stigi nemendur hefja nám við háskóla, í flestum löndum utan Evrópu ljúka nemendur almenna námi sínu í háskóla á meðan nemendur í Evrópu ljúka því áður en þeir hefja nám við háskóla. Fyrir vikið er nám til fyrstu

---

<sup>1</sup>Mat á námi innflytjenda – kortlagning á núverandi verkferlum:

[http://www.enicnaric.is/uploads/3/8/6/2/38621227/mat\\_%C3%A1\\_n%C3%A1mi\\_innflytjenda.pdf](http://www.enicnaric.is/uploads/3/8/6/2/38621227/mat_%C3%A1_n%C3%A1mi_innflytjenda.pdf)

háskólagráðu gjarnan fjögur ár utan Evrópu en þrjú ár í Evrópu. Nemendur sem koma frá löndum utan Evrópu þurfa því að hafa lokið a.m.k. einu ári á háskólastigi í heimalandinu til að teljast hafa lokið menntun samsvarandi menntun og veitir aðgang að íslenskum háskólum. Ef umsækjandinn hefur aðeins lokið framhaldsskólaprófi í heimalandinu, getur honum reynst erfitt að sækja sér nægan undirbúning hér á landi til að hefja háskólanám, sérstaklega ef íslenskukunnátta er ekki fyrir hendi. Aðeins Bifröst býður upp á undirbúning fyrir háskólanám þar sem kennt er á ensku. Sá undirbúningur veitir ekki almennan aðgang að háskólanámi heldur eingöngu í nám hjá Bifröst og aðgang að einstaka námsleiðum hjá Háskóla Íslands. Bæta þyrfti verulega úr þessu og fjölga leiðum fyrir fólk til að bæta við sig námi á framhaldsskólastigi til að geta hafið nám í háskóla, t.d. með viðbótarnámi til stúdentsprófs fyrir þessa nemendur. Þá væri mögulega hægt að virkja framhaldsfræðsluna enn betur til að þjóna innflytjendum og bjóða þeim upp á undirbúningsnám, raunfærnimat og stuðning sem færi fram að hluta á ensku og/eða með miklum íslenskustuðningi.

Í þingsályktunartillögunni er einnig rætt um raunfærnimat fyrir innflytjendur á framhaldsskólastigi en ekkert er talað um raunfærnimat á háskólastigi. Háskóli Íslands, með stuðningi frá ENIC/NARIC skrifstofunni og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er farinn að bjóða upp á raunfærnimat til styttingar B.Ed. náms í leikskólakennarafræði. Þróunarverkefninu var hleypt af stokkunum í fyrra og meðal þátttakenda voru konur af erlendum uppruna sem hafa starfað lengi á leikskólum og náð tökum á tungumálinu. Fyrir liggja verkferlar, verklag og gátlistar og allt ferlið er unnið samkvæmt evrópskum stöðlum. En til að hægt sé að innleiða þetta formlega og bæta við á fleiri sviðum þarf að tryggja fjármagn. Auk þess er mikilvægt að sett sé reglugerð um raunfærnimat á háskólastigi, eins og gert hefur verið fyrir raunfærnimat á framhaldsskólastigi, til að tryggja gæði ferlisins og innleiðingu á fleiri sviðum.

Raunfærnimat hefur lengi staðið til boða í hinum ýmsu starfsgreinum þótt niðurstaða VISKA verkefnisins hafi sýnt að möguleikar til áframhaldandi náms séu oft takmarkaðir vegna tungumálaörðugleika. En raunfærnimat í bóklegum greinum til inngöngu í háskóla hefur ekki verið mikið í umræðunni. Leggja þyrfti áherslu á að auka þennan möguleika til að opna fleiri leiðir fyrir innflytjendum, sem og aðra, sem ekki hafa lokið formlegu námi, að halda áfram námi sínu á háskólastigi.

Mat á námi flóttafólks getur verið sérstaklega snúið ef einstaklingar í þeirri stöðu geta ekki nálgast gögn og upplýsingar um fyrra nám sitt. En samkvæmt 7.grein Lissabon sáttmálans, sem Ísland hefur undirritað, ber stofnunum að meta allt nám, líka nám flóttafólks sem ekki getur framvísað staðfestingum þar um. Þetta þyrfti að ítreka við matsaðila og tryggja möguleika fólks á að fá nám sitt metið. Ýmsar leiðir eru færar í þessum efnum, ekki hvað síst ef boðið er upp á virkt raunfærnimat á öllum skólastigum.

F.h ENIC/NARIC Ísland

Ína Dögg Eyþórsdóttir